

Sigurgeir Guðjónsson

Jón Hjaltalín landlæknir og vandi geðveiks fólks á Íslandi

Inngangur

Sá sem fyrstur íslenskra lækna fjallaði um geðsjúkdóma á fræðilegan hátt í riti, sem ætlað var almenningi, var Sveinn Pálsson. Á árunum 1788–1789 skrifaði hann greinina „Registur yfir íslensk sjúkdómanöfn“ sem birtist í riti *Þess konunglega Íslenska Lærdóms-Lista Félags*. Í greininni lýsir hann atferli geðveiks fólks á almennan hátt. Hann vísar í orðið *melancholia* sem hann nefnir geðveiki.¹ Árið 1794 birtist í sama riti önnur grein Sveins: „Tilraun að upptelja sjúkdóma þá er að bana verða og orðið geta fólki á Íslandi“. Þá fjallaði hann nákvæmar um einkenni og orsakir geðveiki (*melancholia*) og meðferð við sjúkdómnum.² Annar forvígismaður í læknisfræði var Jón Pétursson en lækningahandrit hans var skrifað undir lok 18. aldar og gefið út á prenti árið 1834. Í ritinu bendir Jón á að þegar fólk verði geðveikt álíti almenningur það vera vegna „gjörninga eða galdra“. ³ Eins og kunnugt er höfnuðu þeir sem aðhylltust upplýsinguna allri hjátrú og hindurvitnum.⁴ Af sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenska bókmenntafélags má sjá að fyrrnefnd rit voru lesin áfram næstu árin.⁵ Árið 1840 minntist Jón Reykjalín sóknarprestur í Sjárvarborgar- og Fagranessókn í Skagafirði á bónda sem stundaði lækningar og las lækningabók Jóns Péturssonar og rit *Hins íslenska lærdómslistafélags*.⁶ Árið 1843 nefndi Jón Jónsson, sóknarprestur í Grenjaðarstaðar-

¹ Sveinn Pálsson, „Registur yfir íslensk sjúkdómanöfn“, *Rit þess Konungliga Íslenska Lærdóms-Lista Félags*, 9–10 (1788–1789), bls. 213–214. Heiti félagsins, og þar með tímaritsins, tók breytingu árið 1787, er það varð Hið konunglega íslenska lærdómslistafélag. Það heiti er notað enda greinarnar sem vísað er í birtar eftir þann tíma.

² Sveinn Pálsson, „Tilraun að upptelja sjúkdóma þá er að bana verða og orðið geta fólki á Íslandi“, *Rit þess Konungliga Íslenska Lærdóms-Lista Félags*, 15 (1794), bls. 86, 87–88.

³ Jón Pétursson, *Lækningabók fyrir almúga* (Kaupmannahöfn: Þorsteinn Jónsson 1834), bls. 77.

⁴ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif fjölbjódlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830–1918* (Rvík: Háskólaútgáfan 2006), bls. 27.

⁵ Þetta sýnir að áhrif hugmyndastefna, þar á meðal upplýsingarinnar, fjara sjaldnast út á skömmu tímabili. Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 25.

⁶ *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, II. bindi. *Skagafjarðarsýsla* (Akureyri: Norðri 1954), bls. 42–43.

og Þverársókn í Suður-Þingeyjarssýslu, að margir í sókninni læsu fyrrnefndar bækur.⁷ Þetta sýnir að margir þurftu að afla sér þekkingar á sviði læknisfræði upp á eigin spýtur því fáir lækna voru starfandi í landinu. Frá aldamótunum 1800 höfðu verið tveir héraðslækna í Vestfirðingafjórðungi, einn í Norðlendingafjórðungi, einn í Austfirðingafjórðungi og einn á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, ásamt landlækni sem bjó í Nesi við Seltjörn.⁸ Læknarnir gátu varla sinnt nema hluta af þeim verkefnum sem þeim voru ætluð. Einu viðbrögð heilbrigðisyfirvalda við því höfðu verið að stofna sérstakt læknisembætti í Vestmannaeyjum árið 1827.⁹ Næst var læknum fjölgað árið 1837 þegar Húnavetningar og Skagfirðingar fengu eigin héraðslækni (Jósep Skaftason), með samningi um að honum væri tryggð þóknun úr jarðabókasjóði og úr héraði.¹⁰ Holdsveikraspítalarnir, sem voru stofnsettir með konungsbréfi árið 1651, voru einu spítalastofnanirnar í landinu. Þeir hafa fengið slæm eftirmæli í sögunni og eiga lítið skylt við sjúkrastofnanir í nútímaskilningi og voru þeir síðan aflagðir með konungsráskurði árið 1848.¹¹

Jón Hjaltalín fæddist 21. apríl árið 1807. Á árunum 1830–1834 dvaldi hann hjá Jóni Thorstensen landlækni og nam læknisfræði en hélt síðan til Kaupmannahafnar og lauk prófi í handlæknisfræði árið 1837. Jón Hjaltalín gegndi starfi landlæknis frá árinu 1855 þar til hann lést 8. júní árið 1882. Hann var konungkjörinn þingmaður frá árinu 1859 til ársins 1881 er hann baðst lausnar vegna aldurs.¹² Í þessari grein er ætlunin að rekja einn þráð í ævi Jóns sérstaklega eða hvernig hann beitti sér fyrir að bæta hag geðveiks fólks á Íslandi. Það var ekki auðvelt verk fyrir Jón þegar svo margt bjátaði á í heilbrigðismálum landsins. Þar var honum ýmislegt mótdrægt en fullyrða má að þar hafi hann sýnt mikilsvert frumkvæði og vilja sem ekki hefur farið hátt.

II. Um stofnun geðspítala á Íslandi

Þær hugmyndir hafa verið ríkjandi meðal fræðimanna að með vaxandi þéttbýlismyndun og þróun atvinnuhátta í vesturhluta Evrópu hefðu kröfur aukist um skipulag og reglufestu í samfélaginu. Einn fylgifiskur þess var krafa um að vista geðveikt fólk á sérstökum spítölum til að minnka glundroða í samfélaginu.¹³ Einn þessara spítala var St. Hans-spítalinn í

⁷ *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1844* (Rvík: Gott mál 1994), bls. 161.

⁸ Jónas Jónassen, „Um læknaskipun á Íslandi“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 11 (1890), bls. 183–185.

⁹ Sama heimild, bls. 187.

¹⁰ Sama heimild, bls. 187–188.

¹¹ Jón Ólafur Ísberg, *Líf og lækningar* (Rvík: Hið íslenska bókmenntafélag 2005), bls. 67–70.

¹² Halldór Kr. Friðriksson, „Æviágrip landlæknis Dr. Jóns Hjaltalíns“, *Andvari*, 11 (1885), bls. 1–19.

¹³ Edward Shorter, *A History of Psychiatry* (New York: John Wiley & Sons, Inc. 1997), bls. 49–52.

Kaupmannahöfn sem var stofnaður árið 1612.¹⁴ Í almennri geðheilbrigðissögu hefur verið vísað í umbótastarf Philips Pinels forstöðulæknis Betrice-spítalans í París á árunum eftir frönsku byltinguna. Pinel gaf skipun um að geðveikt fólk á spítalanum væru ekki lengur hlekkjað eins og tíðkast hafði. Með þessu þótti hann sýna geðveikum einstaklingum virðingu og mannúð.¹⁵ Þessi sjónarmið náðu fótfestu víðar um Evrópu. Yfirvöld í Danmörku reyndu að bæta aðbúnað geðveikra þegar í byrjun 19. aldar. Árið 1803 birtust í *Collegialtidende* (stjórnartíðindum fyrir Noreg og Danmörku) leiðbeiningar fyrir gæslufólk á St.

Hans-geðspítalanum um hvernig ætti að sýna geðveiku fólki nærgætni.¹⁶ Í kjölfarið óx þeirri skoðun fylgi í Danmörku, sem og annars staðar í Vestur-Evrópu, að velja geðspítölum stað í dreifbýli fjarri borgarlífínu. Bæði þótti útiveran og útivinnan gera sjúklingum gott og spítalar höfðu möguleika á að afla sér matfanga og annarra aðdrátta sem bætti rekstrarstöðu þeirra.¹⁷ Skýrt dæmi um þetta er flutningur St. Hans-spítalans frá miðborg Kaupmannahafnar á Bistrupsgaard-herrasetrið í nágrenni Hróarskeldu árið 1808.¹⁸

Umræðan um frekari umbætur fyrir geðveikt fólk var áberandi á fjórða áratugnum í Danmörku. Á stéttapönginu í Hróarskeldu árið 1838 hafði dregið til tíðinda.¹⁹ Þann 4. október lagði etatsráð J.A. Steinfeldt, fulltrúi Helsingjaeyrar, fram tillögu um að stækka St. Hans-geðspítalann á Bistrupsgaard herrasetrinu og nýta hann fyrir sjúklinga frá Sjálandi, Lálandi, Falstri, Færeyjum, Íslandi og nýlendunum í Vesturheimi.²⁰ Ekki var sopið kálið þó í ausuna væri komið. Finnur Magnússon prófessor, sem var fulltrúi Íslendinga á stéttapönginu, var mótfallinn tillögunni: „Idet han bemærkede, at der paa denne Ö kun vare faa Afsindige og at Indbyggerne vist ikke ønskede at bidrage noget til nogen Indberetning af den foreslaede art i Danmark. Han forbeholdt sig i denne Anledning at skille et Amendement.“²¹ Álit Finns leiddi til þess að Ísland var undanskilið þegar beiðnin var send til konungs.²²

¹⁴ Barbara Zalewski, „St. Hans Hospital i København 1612–1808“, *Psykiatriens historie i Danmark*, ritstj. Jesper Vaczy Kragh (Kaupmannahöfn: Hanz Reitzel 2008), bls. 20–21.

¹⁵ Edward Shorter, *A History of Psychiatry*, bls. 10–11.

¹⁶ Trine Fastrup Nielsen, „Fra dårakiste til terapeutisk anstalt“, *Psykiatriens historie i Danmark*, ritstjóri Jesper Vaczy Kragh (Kaupmannahöfn: Hanz Reitzel 2008), bls. 61–62 og 66.

¹⁷ Leonard D. Smith, *Cure, Comfort and Safe Custody* (London: Leicester University press 1999), bls. 207–213.

¹⁸ Barbara Zalewski, „St. Hans Hospital i København 1612–1808“, bls. 55.

¹⁹ Júlíbyltingin í Frakklandi árið 1830 olli straumhvörfum í Evrópu. Þann 28. maí árið 1831 hafði birst konungleg tilskipun um stéttapöng í Danmörku og fóru næstu misserin í að móta nánar starfshætti þinganna. Aðalgeir Kristjánsson, *Endurreisn Alþingis og þjóðfundurinn* (Rvík: Sögufélag 1993), bls. 27–39.

²⁰ Hjalmar Helweg, *Sindssygevæsenets udvikling i Danmark* (Kaupmannahöfn: Jacob Lund 1915), bls. 75.

²¹ *Roeskilde stændertidende. Tidende forhandlingerne ved provindsialstandærne for Sjællands, Fynens og Lollands-Falster stifter samt for Island og Færøerne* (Kaupmannahöfn: Brødrene Berling 1835–1848), anden række, d. 2205.

²² *Roeskilde stændertidende*, anden række, d. 2210. Með konungsbréfi frá 7. júlí 1840 var ákveðið að Bistrupsgaard-geðspítalinn myndi eins og áður hafði verið aðallega taka við geðveiku fólki sem byggi í Kaupmannahöfn og væri á fátækraframfæri borgarinnar. Þeir sem komu annars staðar frá þurftu að borga umfram það. Hjalmar Helweg, *Sindssygevæsenets udvikling i Danmark*, bls. 77.

Sama ár og tillagan var borin upp fór Jón Hjaltalín í námsferð til Þýskalands til að kynna sér aðbúnað geðveiks fólks á spítalastofnunum þar.²³ Hér ber sérstaklega að nefna að Jón heimsótti Charité-spítalann í Berlín.²⁴ Það var ein stærsta spítalastofnun í Evrópu. Spítalinn hafði staðið framarlega í því að komast að raun um hvers konar meðhöndlun hentaði geðveiku fólki. Í Þýskalandi mótaðist snemma sú hefð að forstöðulæknar einstakra geðspítala sinntu jafnframt háskólakennslu í geðlæknisfræði og var markmiðið að meðhöndla sjúklinga með þeim klínísku aðferðum sem þróuðust innan geðlæknisfræðinnar.²⁵ Á Charité-spítalanum hafði Carl Wilhelm Ideler verið forstöðulæknir frá árinu 1832.²⁶ „[Hann] var sagður hinn mesti sálfræðingur og hinn heppnasti læknir fyrir sinnisveiki er þá var uppi“ skrifaði Jón sjálfur.²⁷ Eftir dvölinu í Berlín fór Jón til Kaupmannahafnar og leysti Jón Ögmundsen af á Bistrupsgaard-spítalanum á meðan sá síðarnefndi var í námsferð í Svíþjóð og Frakklandi.²⁸ Á Bistrupsgaard las Jón allt sem bókasafn spítalans hafði að geyma um geðveiki og safnaði því saman í handrit sem hann ætlaði til útgáfu.²⁹ Ekkert varð af útgáfunni en hins vegar gaf hann út ritið *Lækningakver* árið 1840 þar sem fjallað er um geðsjúkdóma og meðhöndlun þeirra.³⁰ Ritinu var meðal annars ætlað að sýna almenningi hvernig ýmiss konar böð og neysla vatns gerðu gagn gegn geðsjúkdómum.³¹ Auk svartagallssýki, miltisveiki og æðis gat Jón um vitleysu (*dementia*) og grilluveiki (*monomania*). Hann nefndi að sjúklingar með fyrrnefnda sjúkdóminn væru hægfara, ruglaðir en þó meinlausir, en þeir síðarnefndu hefðu hins vegar rangar hugmyndir um sjálfa sig og stöðu sína.³² Hann nefndi að við svartagallssýki ætti að drekka mikið vatn á morgnana og á kvöldin. Einnig væri heppilegt að einstaklingar með miltisveiki drykkju kalt vatn á morgnana og síðan ættu þeir „að ganga þar á ofan góðan spöl, svo þeim verði ekki kaldt“.³³ Ekki átti alltaf að innbyrða vatnið. Jón taldi að gott ráð við æði væri að: „baða sjúklíng jafnaðarlega í köldu vatni, og hætta eigi fyrr en honum er orðið kaldt í hvört sinn, líka er einkar gott að leggja kalda bakstra á höfuð honum, og láta hann við og við

²³ Jón Hjaltalín, „Um sinnisveikjur og spítala fyrir sinnisveika“, *Heilbrigðistíðindi*, 4, (1879), 2. tbl., bls. 9–10.

²⁴ Sama heimild, bls. 9–10.

²⁵ Heinz Schott og Rainer Tölle, *Geschichte der Psychiatrie* (München: Beck 2006), bls. 296–298. Edward Shorter, *A History of Psychiatry*, bls. 71–81.

²⁶ Sama heimild, bls. 72.

²⁷ Jón Hjaltalín, „Um sinnisveikjur og spítala fyrir sinnisveika“, bls. 10.

²⁸ Sama heimild, bls. 12. Jón Ögmundsen var aðstoðarlæknir á spítalanum á árunum 1837–1845. Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi*, I. bindi (Rvík: Læknafélag Íslands 1970), bls. 461.

²⁹ Jón Hjaltalín, „Um sinnisveikjur og spítala fyrir sinnisveika“, bls. 13.

³⁰ Jón Hjaltalín, *Lækningakver* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag 1840), bls. 21–23.

³¹ Sama heimild, sjá formála ritsins, án blaðsíðutals.

³² Hann lýsti reyndar ekki einkennum svartagallssýki eða miltisveiki. Hann minntist ekki á *hysteria* (móðursýki) í ritinu. Sama heimild, bls. 21–22.

³³ Sama heimild, bls. 21.

fara í volg fótaböð.³⁴ Hins vegar þóttu steypiböð duga vel væru sjúklingar haldnir vitleysu eða grilluveiki.³⁵

Það var nýmæli að læknar nefndu þessa sjúkdóma hér á landi en Jón var vel upplýstur eins og fyrrnefnd námsdvöl hans í Þýskalandi tveimur árum fyrr og dvölin á Bistrupsgaard-geðspítalanum í kjölfarið eru til vitnis um.³⁶ Jón lét áfram til sín taka á þessu sviði læknisfræðinnar. Hann lýsti því í grein í *Nýjum Félagsritum* árið 1841 hvernig blóðtökur nýttust gegn geðsjúkdómum. Hann sagði t.d. að *hysteria* gæti stundum komið vegna blóðríkis eða tíðateppu „og er þá gott að taka blóð á fótum einu sinni eða tvisvar“.³⁷ Hann hafði eftir Oddi Hjaltalín að það gæti róað fólk um stundarsakir. „Í æði skal því aðeins blóð taka, að blóðsókn sé að heila, og hinn sjúki blóðmikill“.³⁸ Rétt er að taka fram að blóðtökur voru notaðar við flestum kvillum á þessum tíma.³⁹

Jón Hjaltalín fékk styrk árið 1841 til að fara aftur til Þýskalands og kynna sér nýjungar í vatnslækningum. Þetta var nokkurt hliðarspor hjá honum því árið 1839 hafði hann fengið rit um holdsveiki metið til doktorsprófs við háskólann í Kíl.⁴⁰ Þetta sýnir vel hve víða Jón Hjaltalín kom við í læknisfræðinni. Vatnslækningar voru að ryðja sér til rúms í Mið-Evrópu en allt frá árinu 1811 höfðu þær verið stundaðar við Sonnenstein-geðspítalann í Suður-Þýskalandi. Með bættum samgöngum og stækkandi borgum sóttu stöðugt fleiri í heilsulindirnar sér til heilsubótar, jafnvel fólk með alvarlega geðsjúkdóma.⁴¹ Í skrifum sínum lýsti Jón hvernig böð nýttust til að lina þjáningar geðsjúkra og vitnaði hann í nýleg rit máli sínu til stuðnings.⁴² Í kjölfarið stofnaði hann ásamt fleirum vatnslækningastofnun í Klampenbergt utan við Kaupmannahöfn árið 1846.⁴³ En hugur Jóns Hjaltalíns stefndi til

³⁴ Sama heimild, bls. 22.

³⁵ Sama heimild, bls. 22–23.

³⁶ Þetta var fyrir tíma nútíma-greiningakerfis í geðlækningum. Emil Krapelín (1856–1926) markaði þar upphaf undir aldamótin 1900. Edward Shorter, *A History of Psychiatry*, bls. 100–109.

³⁷ Jón Hjaltalín, „Um blóðtökur“, *Ný Félagsrit*, 1 (1841), bls. 54. Hugmyndir um svonefnda *hysteriu* náði aftur til grískrar menningar og þótti geðkvillar kvenna eiga sínar rætur í leginu. Frá og með nýöld endurmótuðu læknar síðan þessar hugmyndir um *hysteriu* kvenna. Edward Shorter, *A Historical Dictionary of Psychiatry* (Oxford: Oxford University Press 2005), bls. 133–135.

³⁸ Jón Hjaltalín, „Um blóðtökur“, bls. 53.

³⁹ Jacalyn Duffin, sjá kafla 8, „Why is Blood Special? Changing Concepts of a Vital Humor“, *History of Medicine. A Scandalously Short Introduction* (Toronto: University of Toronto Press 2009), bls. 195–220.

⁴⁰ Ritið hét *Lepra et Elephantiasi septentrionali*. Halldór Friðriksson, „Æfiágrip landlæknis Dr. Jóns Hjaltalíns“, bls. 4.

⁴¹ Edward Shorter, *A History of Psychiatry*, bls. 37.

⁴² Jón Hjaltalín, *Vandcuren i dens historiske udvikling, nærverende tilstand og resultater* (Kaupmannahöfn: Forfatteren 1842), bls. 62 og 65.

⁴³ Halldór Friðriksson, „Æfiágrip landlæknis Dr. Jóns Hjaltalíns“, bls. 5.

Íslands og reyndi hann að finna kröftum sínum farveg þar til framtíðar. En til þess þurfti ýmislegt að ganga upp.

Hverfum aftur til ársins 1838. Carl Emil Bardenfleth stiftamtmaður hafði látið í sér heyra eftir að hugmyndirnar um að geðveikt fólk frá Íslandi yrði vistað á Bistrupsgaard-herrasetrinu runnu út í sandinn. Hann lagði til að holdsveikraspítalanum í Kaldaðarnesi yrði breytt í almennan spítala og þar var einnig ætlunin að vista geðveikt fólk.⁴⁴ Vilmundur Jónsson gat þess í riti sínu, *Lækningar og saga*, að Bardenfleth og Jón Hjaltalín hefðu kynnst í Kaupmannahöfn og Bardenfleth hefði haft þann síðarnefnda í huga við mótun spítalahugmynda sinna.⁴⁵ Alltént skrifaði Jón Hjaltalín Páli Melsteð amtmanni bréf í mars 1840. Í bréfinu vildi hann athuga með læknisstarf í Árnessýslu. Hann minntist ekki á væntanlegan spítala í Kaldaðarnesi en nefndi hvort forsendur væru fyrir því að sýslubúar stofnuðu sjóð og borguðu honum laun.⁴⁶ Það rímar við þessar hugmyndir að árið 1843 rituðu yfirvöld í Kaupmannahöfn Jóni Hjaltalín bréf og buðu honum stöðu héraðslæknis í Árnessýslu og spítalahaldara í Kaldaðarnesi. Í *Nýjum Félagsritum* árið 1843 sagði Jón Hjaltalín frá boði yfirvalda um fyrrnefnda stöðu en hann vildi ekki binda sig yfir spítala í Kaldaðarnesi. Fá sjúkrarúm, sem aðallega væru ætluð holdsveikisjúklingum, þótti honum of mikil binding.⁴⁷ Jón Hjaltalín lét samt sem áður ekki þar við sitja og ítrekaði enn og aftur nauðsyn þess að bæta hag geðveiks fólks á Íslandi í grein í *Nýjum Félagsritum* 1844. Nú var hann jafnframt þeirrar skoðunar að geðveikraspítali ætti að rísa í Reykjavík.⁴⁸ Hann sagði m.a.

Nú með því að spítalinn í Reykjavík ætti ekki að veita öðrum móttöku enn þeim, sem full líkindi væri til að læknaðir mundu verða, þá væri það góð bót í þessu máli ef honum yrði þannveg hagað, að 4 eða 5 vitskertir gætu haft þar athvarf í senn, en til þessa þurfti þá að hafa húsrúm sér handa þeim, sem væri áfast við spítalann en þó ekki í sjálfu spítalahúsinu, því óþægilegt þykir að hafa óða menn innanum aðra sjúklinga.⁴⁹

Jón Hjaltalín bætti síðan í og sýnir það hve mikilsvert honum þótti að brýna landsmenn til dáða þegar kom að velferð geðveiks fólks.

⁴⁴ *Tíðindi frá nefndarfundum íslenskra embættismanna í Reykjavík 1839* (Kaupmannahöfn [án útg.] 1839–1841), fyrri deild, bls. 139–141.

⁴⁵ Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, I. bindi (Rvík: Menningarsjóður 1969), bls. 238.

⁴⁶ *Lbs* 147, fol, bréf dagsett 26. mars 1840.

⁴⁷ Jón Hjaltalín, „Um spítalana“, *Ný Félagsrit*, 3 (1843), bls. 137–139.

⁴⁸ Hann lagði til að renturnar af gömlu holdsveikraspítölunum myndu kosta byggingu spítalans. Jón Hjaltalín, „Um læknaþing á Íslandi“, *Ný Félagsrit*, 4 (1844), bls. 95.

⁴⁹ Sama heimild, bls. 98–99. Aðskilnaður geðveikra frá öðrum sjúkum einstaklingum á spítalastofnunum var í samræmi við það sem kom fram í skrifum danskra lækna á þessum tíma. J.R. Hüberz, *Om daarevæsenets indretning* (Kaupmannahöfn: Höst 1843), bls. 84–91.

Það mun öllum kunnugt, hvílík vandræði opt verða að vitskertum mönnum á Íslandi, og mörg dæmi eru til þess, að þeir hafi ráfað hjálparlausir manna á milli, þángaðtil þeir hafa farið sjálfum sér eða öðrum að voða, eru slík dæmi allri þjóðinni og stjórn landsins til vanvirðu og minkunar og mikil undur að enginn skuli ennþá hafa kveðið uppúr með þvílík vandræði. Í öllum síðuðum löndum lætur stjórnin sér annt um, að séð verði fyrir vitskertum mönnum, því bæði er það samkvæmt kristinna manna skyldum, að annast þá, er ekki vita sjálfir fótum sínum forráð, og þaraðauki er það nauðsynlegt fyrir mannlegt félag, að slíkum aumingjum verði veitt öll sú aðhjúkrun og lækning er verða má...⁵⁰

Hér vildi hann nýta sér þá umræðu og velvild sem þessi málaflökkur naut í Danmörku á þessum árum. Danskir læknar höfðu orðið fyrir áhrifum af því sem var að gerast á þýska málsvæðinu.⁵¹ Einn þeirra sem hafði látið til sín taka þegar kom að því að bæta hag geðveikra í danska konungsríkinu á fjórða áratug 19. aldar var læknirinn J. R. Hüberz er starfaði sem fátækralæknir í Álaborg. Hann lagði fram tillögur um breytingar til yfirvalda og birti þær í ritinu, *Om daarevesenets indretning i Danmark* árið 1843.⁵² Í kjölfarið framkvæmdi hann fyrstu lýðfræðilegu greininguna á geðveiku fólki í danska konungsríkinu.⁵³ Dönsk yfirvöld fylgdu athugunum hans eftir og létu gera talningu á geðveikum sem fór fram samhliða almennu manntali í Danmörku 1. febrúar 1845 og birtist hún í *Statistisk tabelværk* árið 1846. Þar komu fram upplýsingar um fjölda, aldur, kynhlutfall, búsetu og hjúskaparstöðu geðveiks fólks í landinu.⁵⁴

Þann 17. febrúar árið 1845 fékk biskup Íslands, Steingrímur Jónsson, leiðbeiningar (instrúx) um fyrirhugað manntal á Íslandi. Manntalið átti að fara fram 2. nóvember og var það nýmæli tekið upp að skrá þá sem voru taldir vitskertir eða vitstola: „og er strikað undir nafn þeirra í registrinu sjálfu, svo því betur sé eptir tekið. Þeirra skal hér samt ei geta, sem að eins um tíma ganga frá vitinu í sjúkdómi, og loksins tiltekið í seinustu rúbrik, hvað lengi sá eður sá hafi verið vitskertur eða vitstola.“⁵⁵ Talningin varpar ljósi á hve marga átti að hýsa í væntanlegu spítalahúsi. Málið virtist því komið á nokkurn rekspöl. Ekki skipti þar minnstu að sama ár hafði Alþingi verið endurvakið og því kominn vettvangur fyrir umræðu um stofnun spítala fyrir geðveikt fólk.

Á fyrsta misseri hins endurreista Alþingis árið 1845 vakti Jón Sigurðsson máls á spítalamálinu eins og það var kallað. Í málflutningi hans var grein Jóns Hjaltalíns frá árinu

⁵⁰ Jón Hjaltalín, „Um læknaskipun á Íslandi“, bls. 97–98.

⁵¹ Trine Fastrup Nielsen, „Fra dårakiste til terapeutisk anstalt“, bls. 66.

⁵² J.R. Hüberz, *Om daarevesenets indretning i Danmark*.

⁵³ Sama heimild, bls. vii–xiv (formáli). Hüberz notaði ýmsar breytur til þess að greina geðveikt fólk, s.s. eftir, kyni, búsetu, atvinnustétt, hjúskaparstöðu og aldri. Sjá bls. 33, 41, 43–44 og 49.

⁵⁴ *Statistisk tabelværk*, X. bindi (Kaupmannahöfn: Danmarks tabelværk 1835–1869), bls. 338–345.

⁵⁵ *Lovsamling for Island*, XIII. bindi (Kaupmannahöfn: Höst 1853–1889), bls. 203.

1844 lögð til grundvallar og var honum einkum þrennt hugleikið: fjölgun lækna, stofnun innlends læknaskóla og stofnun spítala í Reykjavík.⁵⁶ Eftir málflutningi Jóns Sigurðssonar á þinginu árið 1845 að dæma var í rauninni ekkert sem gaf til kynna að honum væri sérstaklega umhugað um hag geðveikra á Íslandi. Hugmyndir hans um stofnun spítala og virtust einna helst snúa að vanda holdsveikra.⁵⁷ Málefni geðveiks fólks voru ekki lengur í forgrunni heldur fylgdu öðrum umbótahugmyndum í heilbrigðismálum. Það sýndi sig meðal annars í því að samkvæmt manntölunum 1855 og 1860–1870 var ekki skylt að telja geðveika.⁵⁸ Að sama skapi fjaraði undan fyrri hugmyndum um stofnun spítala fyrir geðveikt fólk í landinu.

Af Jóni Hjaltalín er að segja að árið 1851 hætti hann störfum á vatnslækninga-stofnuninni í Klampenborg og flutti til Eyrarbakka þar sem hann gerði athuganir á brennisteinsnámunum í Krýsuvík.⁵⁹ Hann stundaði læknisstörf á Eyrarbakkaárum sínum 1851–1855 í vesturhluta suðuramtsins án stuðnings úr landssjóði og var þar til aðstoðar Skúla Thorarensen héraðslækni á Móeiðarhvoli.⁶⁰ Þó má finna dæmi þess að leitað væri eftir sérþekkingu hans í geðlækningum á þessum tíma. Gísli Jónsson, vinnumaður á Skálmholtshrauni, hafði verið ásakaður um að hafa stolið hárreipum frá prestinum á Ólafsvöllum á Skeiðum.

Eftir beiðni bóndans Jóns Magnússonar á Kambi vitna ég undirskrifaður, að jeg í dag hefi yfirheirt og skoðað son hans Gísla Jónsson vinnumann á Skálmholtshrauni, og hefi jeg fundið, að nefndur Gísli hefur óbrigðul sinnisveikumerki, og vitna allar frásagnir hans um, að hann nú nærfellt í tvo ár hefur dreigist með megna sinnisveiki, sindsvaghed, svoað gjörðir hans aungvann veiginn geta álitist eða vænst sem hann væri með fullu ráði...⁶¹

Þessi úrskurður leiddi til þess að Gísli var sýknaður í Landsyfírrétti.⁶² Þetta sýnir að þeir sem fóru með dómsvaldið á þessum tíma viðurkenndu þekkingu Jóns Hjaltalín á geðsjúkdómum og voru sjálfir tilbúnir að taka undir læknisfræðilegar hugmyndir hans.

⁵⁶ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1845* (Rvík: Alþingi 1845), bls. 199. Þessi mál áttu síðan eftir að verða til umfjöllunar í þinginu næstu áratugina.

⁵⁷ Frá árinu 1845 til ársins 1874 ályktuðu þingmenn nánast á hverju þingi um það sem betur mátti fara eða sendu bænaskrár til danskra yfirvalda með tillögur til úrbóta. Aðrir þættir heilbrigðismála fyrir utan þá sem þegar hafa verið nefndir sneru að löggildingu læknisstarfsins og sérþekkingu lækna sem mótvægi við hómópötum og alþýðulækningum. Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, I bindi, bls. 241–277.

⁵⁸ *Lovsamling for Island*, XVI. bindi, bls. 180–189, *Lovsamling for Island*, XVIII. bindi, bls. 19, *Lovsamling for Island*, XX. bindi, bls. 570.

⁵⁹ Halldór Friðriksson, „Æfiágrip landlæknis Dr. Jóns Hjaltalíns“, bls. 5.

⁶⁰ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1855* (Rvík: Alþingi 1855), bls. 90.

⁶¹ P.Í. Sýslumaðurinn í Árnassýslu, GB/3. Dómskjöl 1851–1867. „Landsyfírréttardómur“, *Ný tíðindi*, 1. árg. 28. júní 1852, bls. 53.

⁶² *Landsyfírréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1845–1852*, VI (Rvík: Sögufélag 1916–1986), bls. 375–377.

III. Nýjar lausnir og önnur vandamál

Í febrúar 1855 dó Jón Thorstenson landlæknir. Í kjölfarið fól stiftamtmaður Jóni Hjaltalín að gegna landlæknisembættinu og flutti hann þá til Reykjavíkur um vorið og var formlega skipaður af konungi í embættið um haustið.⁶³ Árið 1857 varð Jón Hjaltalín varaþingmaður Reykvíkinga og sat hann síðan óslitið á þinginu frá árinu 1859, sem konungkjörinn þingmaður, til dauðadags árið 1882. Þann 16. júlí 1857 lagði hann fram frumvarp um læknaskipan á Íslandi sem hleypti nýju lífi í umræðuna.⁶⁴ Frumvarpið sýnir hvernig Jón Hjaltalín vildi bregðast við eftir að horfið var frá því að byggja spítala fyrir geðveika sem og annað veikt fólk. Heilnæmisfræði eða *hygenie* var að festa sig í sessi í evrópski umræðu um heilbrigðismál og tók Jón Hjaltalín mið af þeim hugmyndum við gerð frumvarpsins. Eitt af nýjum hlutverkum lækna var að huga að almenningi og upplýsa hann um heilbrigði; læknisfræðin sem vísindagrein var í örum vexti og aukin fagvitund lækna kallaði á breytingar. Velferðarhugmyndir og umræður um heilbrigðismál voru í mikilli deiglu í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku og við þær aðstæður treysti ríkisvaldið í vaxandi mæli á þekkingu lækna. Forvarnarstarf varð að lykilatriði og snerist um það hvernig best væri að fækka þeim sem þyrfti að vista á sjúkrahöfnunum eða hælum?⁶⁵ Þetta átti ekki síst við geðveikt fólk og aðra sem bjuggu við ýmiss konar fatlanir og langvinna sjúkdóma. Í ljósi þessa sagði Jón Hjaltalín á Alþingi árið 1857: „Heilnæmisfræðin kennir mönnum orsakir og undirrót sjúkdómanna, og hún verður því svo happadrjúg og affaragóð, sé henni réttilega fylgt. Lærdómar hennar eru skýrir og auðskildir hverjum menntuðum manni, og hún hefir á vorum tímum fullkomlega sannað gildi sitt og ágæti.“⁶⁶

Halldór Kr. Friðriksson, kennari í Lærða skólanum og þingmaður Reykvíkinga, tók að sér formennsku í þingnefnd sem kynnti frumvarpið í þinginu. Þriðji liður nefndarálitsins var í þeim anda sem Jón Hjaltalín lagði upp með, en þar var gert ráð fyrir því að nemendur Prestaskólans fengju tilsögn í undirstöðuatriðum heilnæmisfræðinnar. Tillagan fékk síðan samþykki í þinginu og var vísað til konungs síðsumars árið 1857.⁶⁷ Þegar til kom varð þó ekkert af þessum hugmyndum í raun. Það má líta á þær sem neyðarúrræði gagnvart

⁶³ Halldór Friðriksson, „Æfiágrip landlæknis Dr. Jóns Hjaltalíns“, bls. 8–9.

⁶⁴ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1857* (Rvík: Alþingi 1857), bls. 450.

⁶⁵ Sjá: Paul Staar, *The Social Transformation of American Medicine* (án útgst.: Basic books 1982), bls. 75.

⁶⁶ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1857*, bls. 159. Samkvæmt Orðabók Háskólans var þetta í fyrsta skipti sem hugtakið var notað í íslensku máli. Ritmálssafn Orðabókar Háskólans, <http://lexis.hi.is/>.

⁶⁷ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1857*, bls. 695–700.

læknaskortinum og því að ekki var komið upp spítala í landinu. Hugmyndirnar áttu sér varla nokkra lífsvon og bar því fljótlega á mótmælum. Þessi áform komu alltaf annað veifið upp í þinginu næstu árin. Svo seint sem árið 1871 lýsti Helgi Hálfðánarson, prestaskólakennari, og þingmaður Vestmannaeyja andstöðu við þær. Hann taldi til of mikils ætlast að prestsefni kynnu helstu atriði í meðhöndlun sjúklinga því það tæki tíma frá því sem prestum væri í raun ætlað að læra, einnig yrði kostnaðaraukinn óásættanlegur.⁶⁸ Hér má þó nefna að prestar höfðu ýmsum skyldum að gegna þegar kom að heilbrigðismálum. Það var meðal annars hlutverk þeirra ásamt hreppstjórum að velja konur til yfirsetustarfa.⁶⁹

Ýmislegt varð því Jóni Hjaltalín mótdrægt varðandi umbætur í heilbrigðismálum á Alþingi. Hann hlýtur því að hafa fundið til einangrunar í starfi þegar námsárunum og starfsferlinum í Danmörku lauk. Reyndar var slíkt ekkert einsdæmi á jaðarsvæðum Evrópu.⁷⁰ Jón Hjaltalín var einn menntaðasti læknirinn á Íslandi á sinni tíð og vakti máls á ýmsum nýjungum þegar hann ræddi um læknisfræði og hlutverk hennar. Það kemur fram í þingræðum hversu lítinn skilning honum fannst samþingmennirnir sýna hugðarefnum sínum. Líklega var ekki skrítið að lítið gerðist í málefnum geðveikra á Íslandi því menn gátu horft í svo margar áttir þegar kom að því að bæta heilbrigðisástandið í landinu á 19. öld.

Um annað voru þó þingmenn samstiga. Íslenskum læknum fjölgaði hægt.⁷¹ Á Alþingi komu fram þær raddir að eina leiðin til þess að vinna að því að fjölga þeim væri að efla innlenda læknakennslu. Vegna bágra kjara lækna á Íslandi var sú hætta alltaf talin vera fyrir hendi að þeir skiluðu sér ekki á heimaslóð eftir nám. Að auki þóttu erfiðar aðstæður á Íslandi aftra dönskum læknum frá því að setjast þar að.⁷² Jón Hjaltalín fylgdi hugmyndum sínum eftir

⁶⁸ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1871*, fyrri partur (Rvík: Alþingi 1871), bls. 129.

⁶⁹ Erla Dóris Halldórsdóttir, *Þeir vöktu yfir ljósinu. Saga karla í ljósmóðurstörfum* (Rvík: Uglá 2019), bls. 73

⁷⁰ Mark Finnane, „Irish Psychiatry. Part 1. The Formation of a Profession“, *150 years of British Psychiatry 1841–1991. The Aftermath*, ritstj. Germann Elias Berrios og Hugh Lionel Freeman (London: Gaskell 1996), bls. 306–313.

⁷¹ Jón Hjaltalín var ósáttur við þá framvindu mála sem varð eftir að hugmyndir Jóns Thorstensen landlæknis í læknaskipunarmálinu urðu ofan á. Árið 1847 komu fram á Alþingi hugmyndir um innlenda læknakennslu. Jón Thorstensen vildi fara sér hægt í málinu og til bráðabirgða lagði hann til að héraðslæknar gætu tekið að sér lærlinga og kennt þeim verklegar undirstöður slysalækninga og hjúkrunar. Árangur þessara hugmynda Jóns var konungsúrskurður frá 12. ágúst 1848 um svonefnda aðstoðarlækna. Enginn nýtti sér þessa heimild utan Jósep Skaftason sem ekki taldist hæfur þar sem hann hafði ekki formlega skipun héraðslæknis. Jónas Jónassen, „Um læknaskipan á Íslandi“, bls. 202; Jón Hjaltalín, „Um læknaskipun og læknamálefni Íslands“, *Íslendingur*, 7. desember, 1. árg., (1860), bls. 137–139.

⁷² *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1855*, bls. 668–669.

árið 1860 og skrifaði greinaflokk undir heitinu „Um læknaskipun og læknamálefni Íslands“ þar sem hann lýsti yfir að hann væri tilbúinn að taka að sér kennslu íslenskra læknaefna.⁷³

Árið 1861 var síðan frá því gengið af hálfu Alþingis og heilbrigðisráðsins í Kaupmannahöfn að þeir sem lykju prófi hjá Jóni Hjaltalín fengju full starfsréttindi sem héraðslæknar á Íslandi 1862. Jón Sigurðsson nefndi í *Nýjum Félagsritum* árið 1862 að nafni hans Hjaltalín byggði umbótahugmyndir sínar á þörfum landsins og þeim aðstæðum sem væru á Íslandi. Þetta sýndi að hann væri praktískur og reyndi að sníða hugmyndir sínar að því sem hann taldi mögulegt og jafnframt nauðsynlegt.⁷⁴ Hér er Jón Sigurðsson eflaust að vísa í hugmyndir nafna síns Hjaltalíns um innlenda læknakennslu. Vafalítið áleit Jón Hjaltalín að með fleiri læknum í landinu væru meiri líkur á að vandi geðveiks fólks kæmist í kastljósið.⁷⁵ Það sýndi sig í ræðu í þinginu árið 1863 að ennþá var fólkið honum hugleikið:

Vitstola menn verða að hröklast hér um strætinn, og landlæknirinn verður að horfa á þetta, án þess honum sé mögulegt, að geta fengið hæli fyrir þá eða aðra ókunnuga menn, sem þurfa bráðrar hjálpar við. Vér höfum, eins og kunnugt er, svo marga langvinna sjúkdóma hér á landi, er gjöra fólki æfilangan heilsubrest, svo að þeir verða að þungum ómögum á unga aldri, þar sem þá hefði þó vel mátt lækna, hefðu þeir náð að komast inn á reglulegan spítala í tækan tíma, fyllsta nauðsyn sýnist því vera á, að landið eignist slíka stofnun, svo fljótt, sem verða má.⁷⁶

Jón taldi lausnina sem fyrr felast í góðum spítala í Reykjavík. Hann áréttaði þessa skoðun sína í þinginu seinna þetta ár:

Eiga norðanmenn og vestanmenn ekki örðugt með sinnisveika menn? Ætla yrði ekki kostnaðarsamt fyrir þá að byggja einhvern kumbalda handa þeim? Og þegar nú gufuskipsferðirnar komast á, þá verður hægt fyrir hvern þann sem hefir langvinnandi sjúkdóm að komast hingað, og því fleiri sem eru á spítalanum, þess betra er það fyrir lækna-efnin.⁷⁷

Síðasti hluti tilvitnunarinnar er áhugaverður. Hugmyndir Jóns Hjaltalíns um „klínískt“ hlutverk spítala voru íslenskum þingmönnum nokkuð fjarlægjar. Arnljótur Ólafsson,

⁷³ Jón Hjaltalín, „Um læknaskipun og læknamálefni Íslands“, *Íslendingur*, 1. árg., 2. nóvember 1860, bls. 113–115; 1. árg., 15. nóvember 1860, bls. 129–130; 1. árg., 7. desember 1860, bls. 137–139; 2. árg., 24. mars 1861, bls. 187–190.

⁷⁴ Jón Sigurðsson, „Um læknaskipunarmálið“, *Ný félagsrit*, 22 (1862), bls. 139–140.

⁷⁵ Útskrifuðum læknum fjölgaði á næstu árum. Stöðulögin frá 1871 hjálpuðu til. Samkvæmt þeim skyldi ríkissjóður Danmerkur greiða ákveðna upphæð á hverju ári til landssjóðs Íslands og með þessu móti vannst svigrúm til að fjölga embættismönnum í landinu. Lög um læknaskipan frá árinu 1875 tryggðu læknum föst laun, lögskipuð réttindi og heimild til gjaldtöku fyrir unnin læknisverk. Héraðslæknarnir urðu 20 með lögunum árið 1875. *Stjórnartíðindi* 1875 A, bls. 76–81 (l. nr. 15/1875) (Kaupmannahöfn og Rvík: 1874–1910).

⁷⁶ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1863*, fyrri partur (Rvík: Alþingi 1863), bls. 103. Ræðuna má einnig finna í bréfabók landlæknis. Í athugasemdum frá 11. júlí 1863 sagði að ræðan hefði áður verið flutt á Alþingi. *P.Í. Skjalasafn landlæknis*, A bréfabók, XIII. bindi, 1862–1865, bls. 44–51.

⁷⁷ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1863*, síðari partur, bls. 775.

þingmaður Borgfirðinga, brást þannig við orðum Jóns Hjaltalíns: „Þegar spurt er: Er spítali hér alveg nauðsynlegur fyrir læknaekennsluna? Þá held eg nú eigi að það sé alveg; eg álit aðaltilgang spítala, að taka á móti sjúklingum en eigi hitt að veita læknaefnum kunnáttu.“⁷⁸ Vafalítið er það vanþekking sem helst skýrir þessi ummæli Arnljóts.

IV. Seinustu árin í ævi Jóns Hjaltalín

Árið 1870 hóf Jón Hjaltalín útgáfu *Heilbrigðistíðinda* sem komu út í 12 tölublöðum árin 1870–1873 og aftur árið 1879. Í ritinu sýnir hann af hve margvíslegum toga hugðarefni hans voru þegar kom að því að efla skiling almennings á sjúkdómum og almennu heilbrigði. Í ritinu birtust meðal annars greinar um sóttvarnir, heilnæma fæðu, hollustu hreins drykkjavatns og óhollustu áfengis.⁷⁹ Má því líta á ritið sem framhald á umræðunni um heilnæmisfræði, (sbr frumvarpið 1857). Greinin um „Um sinnisveikjur og spítala fyrir sinnisveika“, sem kom út í öðru tölublaði árið 1879 sker sig nokkuð úr.⁸⁰ Í greininni ítrekar Jón enn og aftur hve illa Íslendingar hugsi um geðveikt fólk. Í forgrunni greinarinnar er fyrirnefnd námsferð hans til geðspítalans í Berlín. Greinin sýnir að hann hugsar aftur til áranna á fyrri hluta aldarinnar þegar leit út fyrir að yfirvöld ætlaðu sér að bæta hag geðveiks fólks í landinu. Framan af gerðist fátt í því efni. Fleiri létu þó í sér heyra og hefur það líklega áhrif á tilurð greinarinnar. Hér má nefna orð Þorgríms Johnsens héraðslæknis í austurhéraði suðuramtsins um slæma stöðu geðveikra í ársskýrslu sinni árið 1871. Skýrslan varð til þess að ýta við embættismönnum.⁸¹ Eftir að athugasemdirnar bárust heilbrigðisráðinu í Kaupmannahöfn lagði það til við dómsmálastjórnina að meta til hvaða ráðstafana væri heppilegast að grípa á Íslandi. Dómsmálastjórnin skrifaði Hilmarí Finsen stiftamtmani bréf, sem er dagsett 5. desember 1872, og bað um umsögn frá honum og tillögur í samráði við landlækni. Eftir að hann hafði borið sig saman við stjórn Sjúkrahúsfélags Reykjavíkur og landlækni hugðist hann slá tvær flugur í einu höggi, nefnilega að tryggja framtíð sjúkrahússins og leysa vandræði geðveikra í landinu. Í sjúkrahúsinu var gert ráð fyrir 24–26 rúmum og af þeim var fjórðungurinn ætlaður geðsjúkum.⁸²

⁷⁸ Sama heimild, bls. 845.

⁷⁹ Hér eru dæmi um efni greina eftir Jón Hjaltalín í fyrsta árgangi *Heilbrigðistíðinda* 1870–1871: „Um holla fæðu“, 5. tbl., bls. 33–35; 6. tbl., bls. 41–48; 7. tbl., bls. 49–56; 9. tbl., bls. 65–70; 10. tbl., bls. 73–75. „Um landfarsóttir“, 9. tbl., bls. 70–72; 10. tbl., bls. 75–80; 12. tbl., bls. 93–95. „Hreint vatn“, 11. tbl., bls. 81–85; 12. tbl., bls. 89–90. „Um áfengi“, 12. tbl., bls. 91–93.

⁸⁰ Jón Hjaltalín, „Um sinnisveikjur og spítala fyrir sinnisveika“, bls. 9–13.

⁸¹ P.Í. Skjalasafn landlæknis, D ársskýrslur héraðslækna, 1871, austurhéraði Suðuramtsins, Þorgrímur Johnsen.

⁸² Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, I. bindi, bls. 322–333.

En dómsmálastjórnin í Kaupmannahöfn brást við með óvæntum hætti og kaus að drepa málinu á dreif með því að krefjast upplýsinga um tölu geðveikra í landinu.⁸³ Þar hittu yfirvöld fyrir Jón Hjaltalín, sem gegndi stöðu landlæknis. Það var hlutverk hans að afla upplýsinga um fyrrnefndan fjölda í einstökum læknisumdæmum. Sjá má í bréfi hans til Þorgríms Johnsens frá 21. janúar 1875 að það gekk hægt fyrir sig:

Meðfylgjandi skema yfir þá vitstola og sinnisveika er kynnu að finnast í yðar læknisumdæmi bið ég yður að uppfylla og senda mér aftur strax næsta mánuð. Ég hef eigi kært mig um að senda það fyrir sökum þess að hinir aðrir héraðslæknar, ennþá eigi hafa innsent sínar skýrslur um þetta mál en ég eptir ítrekaðar áskoranir til þeirra að þær komi með næsta hausti.⁸⁴

Hér var Jón Hjaltalín í sérstakri stöðu. Nú var hann æðsti embættismaður íslenskrar læknastéttar og var hlutverk hans að gæta að því að einstakir héraðslæknar sinntu skyldum sínum. Nú bar svo við að hann þekkti vel hvar skórinn kreppti og það hefur eflaust valdið honum áhyggjum og gremju. Ekkert hafði í raun breyst frá þegar hann setti fyrstu athugasemdirnar fram um vanda geðveiks fólks í landinu tæplega hálfri öld fyrr. Aftur var þó skylt að telja geðveikt fólk í manntalinu 1880 eftir 25 ára hlé.⁸⁵ Það var sem fyrr fyrsta skrefið í að meta hve margt fólk bæri að vista á geðveikraspítala, sem hugmyndir komu fram um að reisa. En Jón Hjaltalín var þrotinn að kröftum og lést 1882.⁸⁶ Aðrir áttu eftir að taka við keflinu og aldarfjórðungi síðar reis spítalinn á Kleppsjörðinni við Reykjavík árið 1907.⁸⁷

⁸³ Sama heimild, bls. 324.

⁸⁴ P.Í. Skjalasafn landlæknis, A bréfabók, XVI. bindi, 1869–1877, bls. 195–196. Þess má geta að um þetta leyti gerðist Þorgrímur héraðslæknir í Eyjafirði. Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi*, I. bindi, bls. 808.

⁸⁵ *Stjórnartíðindi* 1880 B (l. nr. 52/1880) (Kaupmannahöfn og Rvík: 1874–1910), bls. 54–55.

⁸⁶ Halldór Friðriksson, „Æfiágrip landlæknis Dr. Jóns Hjaltalíns“, bls. 14.

⁸⁷ Sigurgeir Guðjónsson, *Aðbúnaður geðveikra á Íslandi og umbætur yfirvalda fyrir daga geðspítala* (Rvík: Hugvísindastofnun 2013), bls. 167–187.

English summary

In the late 18th century, an enlightened approach began to take root in Iceland when the living conditions of the mentally ill were dealt with. One of the leading physicians in caring for those people in the first half of the 19th century was Jón Hjaltalín. He had acquainted himself with Danish and German psychiatric hospitals. The appointed governor of Iceland, Bardenfleth, proposed at the meeting of public officials in Reykjavík in 1839 that the mentally ill should be kept in specially equipped psychiatric hospitals. While he did not succeed in having his suggestions approved, Jón Hjaltalín kept the issue alive. The 1845 census included an obligation to count the mentally ill. This confirms that the authorities wished to find out the number of mentally ill individuals in order to be able to estimate how many people would need admittance to the psychiatric hospitals being planned at that time. However, those plans were never realised. The absence of any obligation to count the mentally ill in the censuses carried out between 1855 and 1870 shows that the needs of the mentally ill for cure and treatment were still set aside. In the aftermath Hjaltalín, who had been appointed as a surgeon general in 1855, tried other measures to better the situation of the mentally ill in Iceland, for instance to promote more desirable living conditions in Iceland and general hygiene of the population. He also started teaching and supervising medical student in order to make it easier to increase the number of district physicians in Iceland in forthcoming years.

In 1871 severe criticism recurred of how frequently the mentally ill were poorly treated inside homes. This attitude had an impact on the Danish authorities ruling Iceland, who then asked Jón Hjaltalín as the Icelandic surgeon general to provide data on the number of mentally ill people in Iceland. Once more the mentally ill should be listed in the next 1880 census. Jón Hjaltalín died in the year 1882. He had tried his best and others took over in struggling for a psychiatric hospital. The founding of a specially equipped psychiatric hospital in Iceland, Kleppur, was finally realized in the year 1907.

Um höfundinn: Sigurgeir Guðjónsson lauk doktorpróf í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 2013 og starfar sem fræðimaður við Akureyrar Akadémíuna.